

HÁORÐ

Mörgum mun hafa farið líkt og mér, að athuga ekki hver er hin eiginlega merking orðsins háseti. En það er: maðurinn sem situr eða á set hjá hánnum. En hár er sama sem keipur. Annað háorð er hákarl, en það þýðir: fiskur, sem hefir bakugga, sem líkjast hám eða keipum. Nafnið á hinum smávaxnari frænda hákarlsins, háfnum, er einnig þangað að rekja, hefir ef til vill verið háfiskur fyrst. Þá má nefna orðið hástokkur, stokkurinn sem háirnir eru festir í. Enn eitt háorð er háréttur, og á þannig að rita, en ekki hár-réttur, þó að svo sé gert, jafnvel í orðabók Sigfúsar Blöndals. Hárétt er eins og kunnugt er, það sem er alveg rétt, sbr. laukréttur og keipréttur, en þó man ég ekki eftir að síðara orðið sé notað í óeiginlegri merkingu.

Vér Íslendingar eigum réttara mál en aðrar þjóðir, og ættum að kappkosta að halda því sem réttustu. Miðar þar til gagns, að æfa sig í að skilja hina eiginlegu merkingu orðanna. Önnur Norðurlandamál eru gegnjúðskuð og gerbreytt frá því sem áður var. En íslenskan er vaxin mest af eigin efnum, frá þeim tímum er norræn hugsun var sjálfstæðari en nú, og hafði ekki sligast undir oki hins júðska átrúnaðar.

28. sept. '26.